

Akranesi 6.maí 2024

Kl. 18:00

Fundargerð ritar: Erna Valentínusdóttir

Aðalfundur foreldrafélags Brekkubæjarskóla 2024

Mætt: Stjórn foreldrafélagsins, Elsa Lára aðstoðarskólastjóri og 5 fundarmenn úr hópi foreldra/forráðamanna

Dagskrá skv. starfsreglum félagsins:

1) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Elsa Lára kosinn fundarstjóri

Erna ritar fundargerð

2) Breyting á dagskrá lögð fyrir fundinn; þannig að erindi Önnu Maríu Þráinsdóttur er fært frammar í dagskrá

- Anna María kynnir þær framkvæmdir sem eru í gangi við Brekkubæjarskóla og sýnir teikningar
- Helstu punktar:
 - Algjörar endurbætur á fyrstu hæð skólans.
 - Kennslueldhús verður tilbúið í haust
 - Salurinn verður líklega ekki nothæfur til skólastarfs vegna endurbóta allt næsta skólaár
 - Nýtt anddyri í byggingu sem snýr að Vesturgötu/Háholi, sameining tveggja núverandi anddyra
 - Bætt loftræstingarkerfi
 - Endurnýjun á dren og dælukerfi við skólahúsnæðið
 - Ýmislegt sem hefur komið á óvart í ferlinu sem hefur aðeins tafið verkið og stækkað það, en verkið er þó nokkurn vegin á áætlun, framkvæmdir verða í sumar
 - Áfangi 1: vektímabil 2024-2025
 - Áfangi 2: verktímabil 2025-2026
 - Verklok við skólabyggingu áformuð í byrjun ársn 2026.
 - Lyftan verður endurnýjuð í sumar
 - Íþróttahús verður klárt til kennslu í haust
 - Spurning úr sal hvort það sé rétt að ekki eigi að bæta körfur sem eru í íþróttahúsinu - Anna María veit ekki hvað verður gert í þeim málum, vísar á skóla- og frístundaráð.
 - Anna María fer einnig yfir framkvæmdir við íþróttahúsið og segir að verkið sé á áætlun – teikningar sýndar.

3) Skýrsla stjórnar

- Kristín formaður foreldrafélagsins fer yfir skýrslu stjórnar.
 - **Stjórn foreldrafélagsins starfsárið 2023-2024**
 - Erna Valentínusdóttir
 - Kristín Kötterheinrich
 - Martha Lind Róbertsdóttir
 - Ragnheiður Rún Gísladóttir
 - Steinunn Guðmundsdóttir
- Stjórnin hefur fundað reglulega á þessu ári
- Í upphafi skólaársins þurfti að loka íþróttahúsinu við Vesturgötu fyrirvaralaust. Talsvert púður fór í vinnu í kringum það hjá stjórn foreldrafélagsins þar sem þrýst var á að endurbætur færu hratt og vel í gang og lögð áhersla á að lokunin yrði í sem stystan tíma.
- Haldnir voru reglulegir samráðsfundir með stjórn foreldrafélags Grundaskóla þar sem sameiginleg hagsmunamál voru rædd.
- Skóla- og frístundaráð
 - Fulltrúi úr stjórn er áheyrnafulltrúi á fundum skóla- og frístundaráðs.
 - Stjórnir foreldrafélaganna fara einnig á 2 samráðsfundi með ráðinu á hverju skólaári, í desember og í maí.
- Fundað með Verkefnastjóra frístunda- og forvarnarmála, Heiðrúnu Janusardóttir.
 - Gott og virkt samstarf við Heiðrúnu
- Framkvæmdir á skólahúsnæði og íþróttahúsi
 - Fylgjumst grannt með framvindu framkvæmda og komum með athugasemdir og ábendingar varðandi þær.
- Umferðaröryggi
 - Höfum verið að koma á framfæri við Skóla- og frístundaráð sem og Umhverfis og skipulagsráð ábendingum varðandi umferðaröryggi við skólann og íþróttahúsið.
 - Strætóstop pistöð við Háholt var í vetur færð lengra frá gatnamótum.
 - Bendum á mikilvægi þess að fá strætóskýli við Háholt.
- Foreldrarölt
 - Foreldraröltið var endurvakið í vetur

- Skipulagning á foreldraröltinu, hefði mátt ganga betur að fá foreldra til að taka þátt.
- Mötuneytismál
 - Bendum á mikilvægi þess að bjóða upp á hollan og staðgóðan mat.
 - Viljum sjá minna um unninn mat
 - Bendum á mikilvægi þess að bjóða upp á staðgóðar máltíðir alla daga vikunnar, td ekki súpu á föstudögum.
- Árgjald
 - Innheimtum árgjald sem gekk vel, 2000kr á heimili, valfrjálst.
 - Gáfum útileikföng fyrir yngsta stig og í byrjun árs 2024 gáfum við auk þess rassapotur sem nýtast vel til að leika með úti á skólalóðinni þegar snjór er á hólnum
 - Á vorönn gáfum við fjögur píluspjöld með öllu. Píluspjöldunum hefur verið komið fyrir niðri í sal. Þegar félagsaðstaða unglinga verður tilbúin munu píluspjöldin fá varanlegan stað þar.
- **Á döfinni hjá stjórn foreldrafélagsins og helstu markmið:**
 - Halda áfram að fylgjast með framgangi framkvæmda við skólann og fylgja eftir
 - Bekkjarstarf – foreldrafulltrúar
 - Efla starf bekkjarfulltrúa, þannig að í öllum bekkjum séu viðburðir reglulega yfir skólaárið.
 - Hlúa að unglingunum okkar, blikur á lofti varðandi aukna vímuefnanotkun, mikilvægt að foreldrar standi saman og tali saman.
 - Foreldraröltið mikilvægt
 - Spurning um breytt fyrirkomulag á skipulagi foreldraröltis næsta skólaár
 - Stefnum á að vera virkar á Facebook síðu foreldrafélagsins
 - Halda áfram að reyna að virkja foreldra. Hvernig?
 - Við viljum fá meira feedback frá foreldrasamfélaginu
 - Samstarf
 - Halda áfram góðu samstarfi við stjórn foreldrafélags Grundaskóla
 - Halda áfram góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og embættismenn bæjarins.

4) Lagabreytingar

- Engar tillögur um lagabreytingar lagðar fram að þessu sinni

5) Reikningar lagðir fram til samþykktar

- Staða á reikningi foreldrafélagsins er: 99.496 kr
- Á skólaárinu voru keypt útileikföng fyrir yngsta- og miðstig sem kostaði 50.800 kr
- Rassapotur keyptar fyrir 8.856 kr
- Píluspjöld með tilheyrandi, kostuðu 148.734 kr.
- Reikningur foreldrafélagsins hefur verið lagður til skoðunar hjá skoðunarmönnum reikninga, þeim Erlu Ösp Lárusdóttur og Pálma Haraldssyni.

6) Kosning í stjórn

- Núverandi stjórn var kosin á síðasta aðalfundi til tveggja ára, því er engin breyting á stjórninni núna
 - Erna Valentínusdóttir
 - Kristín Kötterheinrich
 - Martha Lind Róbertsdóttir
 - Ragnheiður Rún Gísladóttir
 - Steinunn Guðmundsdóttir
- Engin mótframboð bárust

7) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

- Erla Ösp Lárusdóttir og Pálmi Haraldsson gefa áfram kost á sér – samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

8) Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði

- Kristín og Erna eru fulltrúar foreldra í skólaráði Brekkubæjarskóla sem fundar að jafnaði á ca 6 vikna fresti yfir skólaárið.
- Skólaráð starfar skv. leiðbeiningum frá Heimili og skóla
- Í skólaráði sitja fulltrúar allra hópa skólasamfélagsins, þ.e. nemenda, foreldra, kennara, annarra starfsmanna og grenndarsamfélagsins auk skólastjóra
- Samráðsvettvangur, raddir allra fulltrúa skólasamfélagsins fá að heyrast
- Fundir reglulega á skólaárinu og skólaráð starfar samkvæmt starfsáætlun

- Stefnumótun, áætlanir, skólareglur, skóladagatal, húsnæðismál, fjárhagsáætlun, fundir með stjórn foreldrafélagsins, fundir með nemendafélaginu
- Kristin segir frá starfsemi skólaráðs og frá helstu viðfangsefnum vetrarins

9) Kosning fulltrúa í skólaráð

- Erna og Kristín gefa áfram kost á sér – samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

10) Önnur mál

- ***Elsa Lára aðstoðarskólastjóri*** ræðir um skólastarfið, húsnæðismál og fleira
- Verið að vinna í ráðningum starfsfólks fyrir næsta skólaár, gengur vel
- Eru í góðum málum varðandi starfsfólk, hvað menntun og réttindi varðar
- Teymiskennslan sem er viðhöfð í skólanum er að trekkja að gott starfsfólk
- Mikið verið um að aðrir skólar hafi sóst eftir að fá fræðslu og kynningu frá starfsfólki Brekkubæjarskóla um teymiskennsluna og nemendalýðræðið sem er unnið með í skólanum
- Vinna við uppsetningu á leikriti í fullum gangi, gengur vel, spennandi verkefni
 - 150 nemendur í unglingadeild, 113 af þeim ætla að taka þátt!
- Stefna skólans að í lok skólaárs sé komið á hreint hverjir skipi teymi næsta skólaárs, þannig að allir nemendur eigi að vita hvaða starfsfólk verði í teyminu sem þeir tilheyra áður en farið er í sumarfrí

Fundi slitið um kl 19:30